

**Varðar: Fyrirspurn - Stangarhylur 2**

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. júní 2024 var lögð fram fyrirspurn Kattavinafélags Íslands, dags. 13. júní 2024, um breytingu á skráningu íbúðar á 1. hæð hússins á lóð nr. 2 við Stangarhyl úr atvinnuhúsnæði í íbúð.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Hverfisskipulagsupprættur



Götumynd tekin af já.is

## Skipulag í gildi


Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Húsið að Stangarhyl 2 er á skilgreindu miðsvæði 35 Kvíslar.

Deiliskipulag/hverfisskipulag: Í gildi er hverfisskipulag Ártúnsholts, samþykkt 10. október 2019 með síðari breytingum. Stangarhylur 2 er í skilgreindri skilmálaeiningu 7.1.9.

## Umsögn

Húsið á lóð nr. 2 að Stangarhyl er tveggja hæða, steinsteypt hús byggt árið 1991 skv. fasteignaskrá. Húsið er skráð atvinnuhúsnæði, kattahótel/íbúðir í fasteignaskrá. Óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa vegna þess að íbúð á jarðhæð er ekki skráð sem slík í fasteignaskrá.

Samkvæmt samþykktum aðaluppdráttum af húsinu sem samþykktir voru árið 2000 er ekki íbúð á jarðhæð. Vegna þessa er hér verið að spyrjast fyrir um nýja íbúð, þar sem engin samþykkt íbúð er á jarðhæðinni.



Samkvæmt samþykktu hverfisskipulagi sem og Aðalskipulagi Reykjavíkurborgar 2040 eru íbúðir eingöngu heimilaðar á efri hæðum húsa.

## Niðurstaða

- ekki er hægt að fallast á að breyta skráningu rýmis á jarðhæð í íbúð þar sem íbúðir eru eingöngu heimilaðar á efri hæðum húsa

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar

Birgitta Rut Skúladóttir Hjörvar  
verkefnastjóri

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.